

*Að veita fækifæri
í sjálfbærni samfélagi*



SÓLHEIMAR
SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG

Ársskýrsla 2011



Sólheimar ses,
Stofnandi Sesselja Hreindís Sigmundsdóttir
(1902 – 1974)

Fulltrúaráð:

Árni Johnsen	Óðinn Helgi Jónsson
Björg Fenger	Ólafur G. Gústafsson
Edda Björgvinsdóttir	Óli Tynes
Fanney Proppé	Pétur Sveinbjarnarson
Gísli Hendriksson	Sigurjón Örn Þórsson
Guðmundur Bjarnason	Sverrir Berg Steinarsson
Sr. Gylfi Jónsson	Sr. Valgeir Ástráðsson
Margrét Jónsdóttir	Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson
Margrét Tómasdóttir	

Formaður fulltrúaráðs Sólheima ses: Pétur Sveinbjarnarson
Endurskoðandi: Margrét Pétursdóttir löggiltur endurskoðandi
Félagskjörnir skoðunarmenn reikninga:
Ólafur G. Gústafsson og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson
Arkitekt: Árni Friðriksson

Framkvæmdastjórn Sólheima

Pétur Sveinbjarnarson, formaður
Sigurjón Örn Þórsson Guðmundur Bjarnason
Margrét Tómasdóttir Sr. Valgeir Ástráðsson

Framkvæmdastjóri: Guðmundur Ármann Pétursson
Fjármálastjóri: Einar Páll Bjarnason
Forstöðumaður heimilissviðs: Guðrún Jóna Kristjánsdóttir
Forstöðumaður atvinnusviðs: Erlendur Pálsson
Forstöðumaður Sesseljuhúss: Katrín Magnúsdóttir
Félagsmálafulltrúi: Valgeir Fridolf Backman
Prestur og rafeindavirki: Sr. Birgir Thomsen

Ritstjórn ársskýrslu: Árni Sverrir Bjarnason
og sr. Birgir Thomsen
Ábyrgðarmaður: Guðmundur Ármann Pétursson
Umbrot: Kristín Helgadóttir

Sólheimar ses
Kt. 610269 4519
Sólheimar · 801 Selfoss
solheimar@solheimar.is · www.solheimar.is

Markmið Sólheima ses

Markmið Sólheima er að skapa sjálfbært samfélag, byggt fólki sem leggur áherslu á ræktun manns og náttúru.

Lögð er áhersla á eigin matvælaframleiðslu, byggingar í sátt við náttúruna, eigin orkuöflun, lífræna ræktun, vinnslu afurða úr náttúrulegum efnum og endurvinnslu.

Atvinnustarfsemi tekur mið af efnahagslegum og félagslegum áhrifum á samfélagið og er í sátt við náttúruna.

Sólheimar starfrækja félagsþjónustu við fólk með sérþarfir þar sem einstaklingum er veitt þjálfun og leiðsögn með það að markmiði að gera þeim kleift að lifa eðlilegu lífi og hasla sér völl í samfélaginu þar sem þeim vegnar best.

Sólheimum er heimilt að standa að rekstri fyrirtækja ýmist með beinum hætti eða aðild að sjálfstæðum rekstrarfélögum.

Sólheimum er heimilt að koma upp og reka félagslegar íbúðir, svo og leigja lóðir fyrir íbúða- og atvinnuhúsnæði.

Sólheimum er heimilt að standa að þróunaraðstoð við einstaklinga með sérþarfir erlendis á eigin vegum eða í samstarfi við aðra.

Styrktarsjóður Sólheima hefur sjálfstæðan fjárhag og starfar samkvæmt sérstakri skipulagsskrá.

Sólheimar - byggðahverfi

Á Sólheimum er byggð með skýra og jákvæða ímynd sveitaþorps þar sem mannvirðing er í öndvegi.



Náttúran

Á Sólheimum er náttúrunni sýnd virðing og leitast við að vernda náttúrulega ferla og stuðla að umhverfisvernd eins og frekast er unnt.

Samfélagið

Á Sólheimum er samheldið og fjölbreytt samfélag þar sem ríkir traust og virðing milli manna og íbúum og gestum líður vel. Hver einstaklingur er mikilvægur og hefur hlutverki að gegna í samfélaginu.

Atvinnulífið

Á Sólheimum er atvinnustarfsemi byggð á lífrænni ræktun, garðyrkju og matvælaframleiðslu, handverki og iðnaði úr náttúruafurðum, auk náttúru- og heilsutengdri ferðaþjónustu.

Menningarlífið

Á Sólheimum er öflugt menningarlíf tengt fjölbreyttum listgreinum ásamt umhverfistengdri fræðslustarfsemi, sem styrkir tengsl samfélagsins bæði inn á við og út á við.

Bygðin

Á Sólheimum er sjálfbær byggð þar sem tengsl náttúru, mannlífs og byggðar eru sterk.

Frá Stjórnarformanni



Horft björtum augum til framtíðar

1. janúar 2011 tóku gildi ný lög um þjónustu við fatlað fólk á sama tíma og málaflokkurinn var fluttur frá ríki til sveitarfélaga.

Þó svo lögin tækju gildi 1. janúar 2011 lá ekki fyrir hvernig þau yrðu útfærð fjárhagslega gagnvart þjónustuþegum fyrr en tíu mánuðum eftir gildistöku.

31. október var undirritaður samningur við Árborg og þjónusturáð sveitarfélaga á Suðurlandi og í framhaldi af því undirritaður samningur við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga um framlag vegna fasteigna að Sólheimum. Næstu þrjú ár mun því vonandi ríkja friður og sátt um skipan þessara mála.

Samningurinn við Árborg er mikilvægur, þótt hann sé svokallaður hópkaupasamningur og tákn löngu liðins tíma í þjónustu við fatlað fólk. Slíkt samningsform hefur verið lagt niður í flestum vestrænum ríkjum og þykir ekki í samræmi við nútíma hugsun og mannréttindi fatlaðs fólks. Vonandi verður þess ekki langt að bíða að ný hugsun komist að í málefnum fatlaðs fólks á Íslandi og að Ísland staðfesti mannréttinda-sáttmála fatlaðra. Þetta er ekki spurning um peninga eins og ætla má af opinberri umræðu heldur fyrst og fremst um vit og góðan vilja. Fatlað fólk á Íslandi er búið að bíða þess í meira en tvo áratugi að grundvallar endurskoðun eigi sér stað á lögum um þjónustu við fatlað fólk og þau færð til samræmis við alþjóðlega þróun í þessum málaflokki. Miklar framkvæmdir voru að Sólheimum á árinu. Gatnakerfi Sólheima var í heild sinni endurbyggt. Til þess verks fengu Sólheimar góðan stuðning frá Vegagerð ríkisins og Grímsnes og Grafningshreppi. Gerður var grunnur og steyptir sökklar að nýju 1689 m² gróðurhúsi sem

jafnframt er stærsta bygging sem reist hefur verið að Sólheimum. Styrktarsjóður Sólheima hefur staðið fyrir fjáröflun vegna þessara framkvæmda sem fjöldi fyrirtækja hefur stutt. Á vegum Hitaveitu Sólheima var virkjuð ný borhola og lokið var að mestu framkvæmdum við kirkjugarð.

Sagan leggur íbúum Sólheima ríkar skyldur á herðar:

Í alþjóðaritum er Sólheima jafnan getið sem elsta „Eco-village“ í veröldinni. Slíkum stöðum hefur fjölgað ört hin síðari ár. Í framhaldi af umhverfisráðstefnunni í Ríó voru stofnuð alþjóðasamtökin „Eco-village Network“. Á þriðja hundrað byggðahverfi þjóna fötluðu fólki með ámóta hætti og Sólheimar og eru Sólheimar það elsta og það sem oftast er nefnt sem fyrirmyndin. Að Sólheimum er upphaf lífrænnar matvælaframleiðslu á Norðurlöndum en vottuð lífræn matvælaframleiðsla hefur verið í mikilli sókn í hinum vestræna heimi.

Nú í árslok horfum við björtum augum til framtíðar. Framkvæmdastjórn og íbúar Sólheima þakka mikinn og góðan stuðning frá þúsundum einstaklinga og fyrirtækja.

Ég flyt íbúum Sólheima bestu þakkir fyrir ánægjulegt samstarf á árinu.

Pjetur Þorgrímsson



Félagsþjónusta Sólheima

Samkvæmt samkomulagi við Árborg, fyrir hönd sveitarfélaga á Suðurlandi, veitir Félagsþjónusta Sólheima 43 einstaklingum stoðþjónustu og stuðning við búsetu, atvinnu og félagsstarf.

Starfssemin er margþætt og snýr stuðningurinn sem íbúum stendur til boða að öllum þáttum lífsins, má þar nefna aðstoð við heimilishald, persónuleg þrif, fjármál, aðföng ýmis konar, félagslega samveru og margt fleira. Markmiðið er að auka færni og sjálfstæði íbúanna og veita einstaklingsbundna þjónustu.

Búseta er með þrennum hætti

Sjálfstæð búseta

Meirihluti íbúa býr í einstaklings- eða paríbúðum. Einstaklingsíbúðirnar eru 53 m² að stærð með sérinngangi og paríbúðirnar 60 til 85 m² að stærð. Ennfremur er 120 m² einbýlishús fyrir þar. Íbúarnir standa undir heimilishaldi með eigin tekjum og örorkulífeyri. Heimilishald er á ábyrgð íbúanna en þeir njóta aðstoðar félagsþjónustu Sólheima.

Sambýli

Steinahlíð er eina sambýlið hérna, þar búa 6 íbúar. Heimilisrekstur á sambýlinu er greiddur af íbúum sem taka þátt í daglegum heimilisstörfum eftir því sem geta og hæfileikar leyfa. Stuðningsfulltrúar hafa aðstöðu í húsunum og dvelja þar viku í senn.

Einstaklingsíbúðir með sameiginlegu þjónusturými

Í Bláskógum eru einstaklingsíbúðir með sameiginlegu þjónusturými fyrir „heldri“ íbúa. Þar er sólarhringsþjónusta. Þar búa 9 einstaklingar. Heimilisrekstur er greiddur af íbúum. Stuðningsfulltrúar hafa aðstöðu í húsunum og dvelja þar viku í senn.

Stoðþjónusta:

Íbúar fá lækniþjónustu frá Heilsugæslustöðinni í Laugarási og sækja einnig töluverða lækniþjónustu til Reykjavíkur og á Selfoss.

Nuddari, rakari, snyrtifræðingur og hárgreiðslukona veita þjónustu á Sólheimum með reglulegu millibili. Lyfjalausnir sjá um að skammta lyf fyrir þá sem þess þurfa.

Fjölmenn tæknibúur íbúum upp á nám á Selfossi og íþróttakennslu á Sólheimum.

Einnig kemur íþróttatræðingur tvisvar í viku og sér um þjálfun í Boccia og almennum íþróttum.



Listsköpun er þáttur í daglegu lífi að Sólheimum



Meðalaldur

og kynjadreifing íbúa:

Meðalaldur: 50,5 ár
Aldursdreifing: 22 ára til 78 ára
Konur: 25
Karlur: 18

Skapandi störf fyrir alla

Sólheimar hafa markað sér sérstöðu á Íslandi í atvinnumálum.

Þessi sérstaða felst í því að allir íbúar á Sólheimum eiga kost á vinnu, við hæfi hvers og eins, við skapandi og fjölbreytt störf alla virka daga.

Dagvistun er úrræði fyrir þá sem sökum aldurs eða veikinda búa við verulega skerta starfsorku. Það hefur alla tíð verið stefna Sólheima í atvinnumálum að gefa fólki kost á að stunda sína vinnu svo lengi sem það getur og vill. Það eru því ekki endilega aldursmörk sem ákvarða hverjir njóta dagvistunar. Öll þessi störf hafa mikla þýðingu fyrir viðkomandi og samfélagið og eru til staðar vegna samfélagsgerðar Sólheima.

Aðrir skjólstaðingar

Vistun og samfélagsaðlögun fyrirmyndarfanga

Tveir einstaklingar hafa að staðaldri verið þátttakendur í verkefninu „Vistun og samfélagsaðlögun að Sólheimum“. Frá lokum ársins 2010 hefur aðeins einn fangi getað nýtt sér þetta úrræði, hverju sinni, sökum niðurskurðar á fjárveitingum til fangelsismála. Verkefnið byggir á samningi við Fangelsismálastofnun ríkisins frá 22. september 2004. Alls var heildarfjöldi dvalarmánaða 135,5 talsins í lok árs 2011 og þátttakendur í verkefninu orðnir 13 talsins. Meðal dvalartími er því 10,4 mánuðir.

Einn einstaklingur lauk dvöl sinni að Sólheimum í lok ágúst mánaðar og annar kom 16. september. Nú þegar sex ár eru liðin frá upphafi verkefnisins er komin góð reynsla á framkvæmd þess. Þetta úrræði til lúkningar afplánunar refsídóma hefur reynst vel og hafa þeir einstaklingar sem hér hafa verið, tekið þátt í samfélaginu, auk þess að mörg þeirra halda góðum tengslum við Sólheima eftir að afplánun líkur. Má til dæmis nefna, skírnir, hjónavígslur, fermingar barna og einnig í verktakavinnu. Ávinningur af þessu úrræði hefur verið þroskandi og gagnkvæmur, bæði fyrir þau sem hér hafa dvalið, og fyrir samfélagið hér að Sólheimum.

Vinnumálastofnun

Samstarf við Vinnumálastofnun var með þeim hætti að 2-3 starfsmenn unnu hluta úr árinu hér að Sólheimum. Verkefnið snýst um að skapa langtíma atvinnulausum einstaklingum tækifæri til atvinnuþátttöku og félagslegrar aðlögunar. Hefur aðallega verið um viðhalds- og byggingarvinnu að ræða.

Fræðslustarf

Í samstarfi við Fræðslunet Suðurlands var haldið námskeið á haustdögum í kertagerð og gerð adventuljósá. Einnig voru haldin námskeið í kertagerð fyrir meðlimi Kvenfélags Grímsneshrepps og íbúa Sólheima, þar sem gerð adventukransa úr vaxi og hænsnaneti var vinsælt viðfangsefni. Haldið var leikjanámskeið hér að Sólheimum frá byrjun júní fram í miðjan ágúst mánuð. Ýmsir fyrirlestrar voru í boði og voru mörg fróðleg og góð fræðsluerindi og námskeið haldin á vegum Sesseljuhúss.

Erlent samstarf

Samstarf hélt áfram með góðum árangri við samfélagið Solåkra í Järna í Svíþjóð og Camphill hreyfinguna í Bretlandi.



Ljótur færir Sólheimum gjöf frá Solåkra





Íþróttafélagið Gnýr



Allt íþróttastarf á Sólheimum er undir stjórn Íþróttafélagsins Gnýs. Ávallt er stefnt að því að hafa starfið sem fjölbreytilegast svo að flestir íbúar, sem er blandaður hópur fatlaðra og ófatlaðra, geti tekið þátt í því sem þeir hafa áhuga á og gaman af. Árið var mjög gott hjá okkur og margt í gangi eins og alltaf; frjálsar íþróttir, boccia, sund, göngu-, hjóla- og trimmhópar. Leikritið Verndarenglamir var frumsýnt venju samkvæmt á sumardaginn fyrsta. Vegna hinnar árlegru leiksýningar breytist íþróttastarfið í leikarastarf að hluta til, 2-3 mánuði á ári, sem er mjög krefjandi.

Fimm manna stjórn var kosin á aðalfundi Íþróttafélagsins Gnýs. Stjórnina skipa þau Halldór Hartmannsson formaður, Eyþór Jóhannsson varaformaður, María K. Jacobsen ritari, Ágúst Þór Guðnason varamaður og Valgeir Fridolf Backman gjaldkeri.

Boccia

Um 25 manna hópur æfir tvisvar sinnum í viku og keppir a.m.k. á tveimur mótum á ári. Félagar í Gný tóku þátt í Íslandsmeistaramóti ÍF (Íþróttasamband fatlaðra) – sveitakeppnin í boccia sem fór fram í Hafnarfirði dagana 25.-27. mars en þeir áttu ekki heimagengt á einstaklingsmótið í Vestmannaeyjum. Vinamót Suðra, Selfossi og Gnýs, Sólheimum fór fram á Sólheimum. Næsta mót verður á Selfossi 17. mars 2012.

Frjálsar íþróttir

Aðstaða hér heima til æfinga í frjálsum íþróttum lagast með hverju ári. Frjálsar íþróttir eru í uppáhaldi margra en eins og áður keppti aðeins einn fulltrúi frá Íþróttafélaginu Gný og tók Ágúst Þór Guðnason þátt í þeim mótum og æfingabúðum sem í boði voru.



Íþróttamaður ársins 2010

Á Héraðsþingi HSK (Héraðssambandið Skarphéðinn) Hellu 12. mars 2011, á hundrað ára afmælisári sambandsins 1910-2010, var Ágúst Þór Guðnason kjörinn íþróttamaður fatlaðra ársins 2010.

Fjölmennt Selfossi

Fjölmennt á Selfossi var með frábæra dagskrá hér á Sólheimum eins og leikfimi, körfubolta, æfingar í tækjasal og sundæfingar, allt var mjög vel gert enda frábærir kennarar á ferð.

Hjólreiðaklúbbur Sólheima

Reiðjól eru mikið notuð á Sólheimum og eru hjólin mestri notkun á sumrin en sumir hafa fjárfest í nagladekkjum og hjóla því í allan vetur og í hvaða veðri sem er.

Tækjasalur og Íþróttaleikhús

Aðsókn hefur sjaldan verið meiri, meðal annars vegna mikillar notkunar á badmintonvelli, upptogstækis og hástökkscyðnu í Íþróttaleikhúsinu sem eykur enn á fjölbreytni íþróttastarfsins. Tækjasalur var vel nýttur af íbúum, erlendum háskólanemum sem hér dvöldu og gestum. Dans var æfður tvisvar í viku. Tangó og almennur dans dunar undir tónlist úr glænýju og dúndurgóðu hljóðkerfi sem var gefið af Chelberg fjölskyldunni frá Bandaríkjunum. Hljóðkerfið mun einnig nýtast Leikfélagi Sólheima vel.

Sundlaug Sólheima

Sundlaugin og heiti potturrinn hafa verið vel nýtt en aðstaða í búningsherbergjum og salernum hefur látið á sjá. Sundlauginni var því lokað um tíma á meðan allt var tekið í gegn og öll öryggismál tekin til gagnarrar athugunar. Aðstaðan er að verða til fyrirmyndar og byrjun árs 2012 verða allir öryggisstaðlar uppfylltir. Reglulegar sundæfingar eða vatnsleikfimi eru á vegum Fjölmenntar á Selfossi fyrir íbúa Sólheima.

Sundæfingar

Hópur hefur farið einu sinni í viku í tvo tíma í senn á hörku sundæfingar í Sundlaug Selfoss.

Golfklúbbur Sólheima

Golfvöllur Sólheima er mikið notaður en hann státar af einni par 3 braut. Völlurinn er einskonar framhald af fínu völlum hér allt í kring og nefnist hola „Hóla 19“. Golfklúbbur Selfoss bauð íbúum Sólheima í golfdag og pylsupartí.

Íþrótt- og leikjanámskeið

Útivist og alhliða leikfimi var fyrir börn alla virka daga í allt sumar. Umsjónarmenn voru Aron Elmar Backman og Valgeir Snær Backman. Námskeiðið stóð yfir frá 6. júní til 15. ágúst. Ókeypís var á námskeiðið og naut það styrks frá Grímsnes- og Grafningshreppi. Námskeiðið er jafnframt opið öllum börnum og mjög vel sótt.



Íþróttir og gleði

Haldin voru 12 vikna íþróttanámskeið, sem kallast Íþróttir og gleði, fyrir íbúa Sólheima á mánudögum. Þetta er alhliða leikfimi og byggist á leikjum, sundi, fjölbreyttum íþróttæfingum, dansi, útivist og lyftingum í tækjasal. Einnig voru í boði boccia æfingar einu sinni í viku fimmtudögum.

Þjálfari á íþrótt- og leikjanámskeiði fyrir Íþróttafélagið Gný var á vörnámsskeiði Sigurborg Jóna Björnsdóttir, íþróttfræðingur, en á haustnámskeiði var Emilía Jónsdóttir, íþróttakennari. Við þökkum þeim Sigurborgu og Emilíu fyrir einstaklega vel unnin störf.



Verðlaun veitt í kvannahlaupinu



Kristján Már hitar upp þátttakendur í Kvannahlaupinu

Kvannahlaupið

Að vanda var Kvannahlaup á Sólheimum. Fór hlaupið fram 4. júní. Þátttaka var góð og rúmlega 80 konur hlupu, skokkuðu og/eða gengu 2 eða 5 km. Eftir hlaupið var boðið upp á Egils Kristal og Garðyrkjjustöðin Sunna bauð upp á lífrænt grænmeti frá Sólheimum og ávaxtahaðborð í Grænu könnunni. Árið 2011 var Kvannahlaupið í samstarfi við Styrktarfélagið Líf og slagorð hlaupsins var „Hreyfing allt lífið“. Mikil ánægja var með hlaupið sem er orðinn fastur liður á Sólheimum. Eins og venjulega sá hinn eini sanni Kristján Már Ólafsson um upphitun áður er að lagt var af stað í hlaupið og afhenti öllum þátttakendum verðlaunapeninga.

Sólheimahlaupið

Sólheimahlaupið er samstarfsverkefni Sólheima og „Frískra Flóamanna“. Það fer fram árlega í september og geta einstaklingar og hópar valið sér vegalengd frá 9 km upp í 24 km. Hægt er að ganga, hlaupa eða hjóla. Frískir Flóamenn veita einum íbúa Sólheima framfarabikarinn á sama tíma, fyrir miklar framfarir í íþróttum á árinu. Framfarabikarinn að þessu sinni fékk Ágúst Þór Guðnason.



Skátafélag Sólheima

Nokkrir skátáfundir voru haldnir og mikil stemning og eftirvænting var á árinu 2011 enda Jamboree ár (Alheimsmót skáta) sem haldið var í Svíþjóð. Verðugir fulltrúar Skátafélags Sólheima fóru á mótið: Guðlaug Jónatansdóttir, Guðrún Lára Aradóttir, Ólafía Erla Guðmundsdóttir, Guðrún Rósalind Jónatansdóttir, Guðrún Harpa Bjarnadóttir, Ágúst Þór Guðnason, Kristján Már Ólafsson, Sigurður Gíslason og Erlendur Pálsson. Skemmtu þau sér ásamt öðrum eldri og yngri skátum konunglega enda var Karl Gústaf Svíakonungur þar, en hann er mikill skáti og verndari mótsins. Hópurinn kom svo saman eftir mótið og hélt stórkostlegan skátáfund sem þeir félagar Guðmundur Pálsson og stórskátinn Björgvin Magnússon stjórnðu.



Skátar á Jamboree



Skátáfundur



Skátamessa 2011

Skátakórinn söng við skátamessu í telfni af afmælisdegi Baden Powell 22. febrúar.

Þess má geta að Garri styrkti Skátafélag Sólheima á árinu.

Í stað þess að senda út jólakort árið

2010, ákváðu starfsmenn Garra að færa Skátafélagi Sólheima andvirði þess sem nemur sendingarkostnaðinum í að styrkja skátastarfið hér á Sólheimum. Skátar á Sólheimum senda starfsmönnum Garra bestu þakkir fyrir þennan hlýhug og óska þeim gæfu og góðs gengis á nýju ári.

Svarti Pétur

1. október var Svarta-Péturs mótið haldið í Grænu könnunni.

Þetta var mjög spennandi mót.

Í þriðja sæti varð Embla Guðmundsdóttir, öðru sæti Ármann Eggertsson en sigurvegari var Bjarni Erlendsson.



Svarti Pétur



Sólheimaleikhúsið

80 ára 1931-2011

Sólheimaleikhúsið sýndi á afmælisári leikfélagsins, leikritið Verndarenglarnir. Það var samið af Þórnyju Björk Jakobsdóttur sem einnig leikstýrði verkinu. Frumsýning var í Sólheimaleikhúsinu á sumardaginn fyrsta. Myndarlegur hópur kom að verkinu og æfingar skiluðu sér í snilldarleik allra sem að verkinu komu, öllum til mikillar ánægju! Í tilefni af Menningarveislu Sólheima og afmælis Leikfélags Sólheima var sett upp sýning í Íþróttaleikhúsinu. Leikfélagsmyndum, gömlum og nýjum, var dýft í vax og lýstar upp, sjón var sögu ríkari. Þau leikrit sem til voru í tölmutæku formi voru svo sýnd á tjaldi í salnum.



Braggi 1962



Mikki refur

Saga Sesselju



Frá fyrstu árunum



Kardimommubærinn





Helga trommuleikari



Sólheimabíó

Kvikmyndasýningar voru af og til í Sesseljuhúsi.

Einnig var sýnt frá helstu atburðum í enska boltanum, Formúlu 1 kappakstrinum, handboltaleikjum og ýmsum tónlistarviðburðum, og svo ýmsar bíómyndir sem Pamela og Paulo sýndu á miðvikudagskvöldum og eftir óskum.

Lionsklúbburinn Ægir

Föstudagur, 25. nóvember 2011.

„Rosalega eru lærisveinarnir góðir“

sagði ungur maður og átti við Lionsmennina. Afar edlilegur ruglingur þegar verndarenglar okkar í Lionsklúbbnum Ægi Reykjavík eru annarsvegjar en þeir buðu íbúum til dagsskemmtunar í Smáralind í Kópavogi.



Tónlistarstarf

Tónlist hefur ætíð skipað stóran sess í starfinu á Sólheimum.

Vigdís Garðarsdóttir hefur sinnt tónlistarstarfinu síðustu fjögur árin en hún lét af störfum í ágúst og er henni þakkað gott starf.

Við tónlistarstarfinu tók Lárus Sigurðsson.

Lárus lauk tónlistarkennarapróf frá Listaháskóla Íslands árið 2005.



Nemendatónleikar

Þrennir nemendatónleikar voru haldnir á síðari hluta ársins í Íþróttaleikhúsinu. Þar er afrakstur einkatónlistartíma fluttur fyrir áhorfendur. Tónleikarnir eru æði fjölbreyttir allt frá söng yfir í áslátt á framandi hljóðfæri.

Sólheimakórinn

Sólheimakórinn, hefur vaxið og dafnað með árunum og æfir samviskusamlega einu sinni í viku í Íþróttaleikhúsinu. Kórinn hélt að vanda opnunartónleika Menningarveislu Sólheima.

Á allra heilagra messu í nóvember söng kórinn gamla Sólheimasálminn „Ljúfa sól“.

Á aðventunni hélt Sólheimakórinn svo jólatónleika í Sólheimakirkju.



Lárus og Lárus





Menningarveisla Sólheima

Menningarveisla Sólheima var sett í sjötta sinn 4. júní 2011.

Menningarveislan skipar sérstakan sess í árlegri hrynjandi starfsins hér að Sólheimum og leggur áherslu á staðarmenningu Sólheima.

Haldnir voru tónleikar í Sólheimakirkju alla laugardaga menningarveislunnar, samtals 11 tónleikar og var oft fullt út úr dyrum í kirkjunni öllum til mikillar ánægju. Listsýningar eru stór liður menningarveislunnar, þar sem sýnd eru handverk ýmiskonar gerð af íbúum Sólheima.

Sérstök sýning var sett upp í Íþróttaleikhúsinu í tilefni af 80 ára afmælis Leikfélags Sólheima.

Voru þar til sýningar nokkrar vídeómyndir frá liðinni tíð þar sem sjá mátti margan frábæran leiksigurinn hjá íbúum Sólheima. Einnig voru settar upp vaxbornar upplýstar ljósmyndir frá ýmsum atburðum í sögu leikfélagsins.

Var þessi sýning öllum sem að henni stóðu til mikils sóma.

Áhugi fólks á að koma og njóta þess sem Sólheimar hafa upp á að bjóða eykst ár frá ári og nú koma milli 20 og 30 þúsund manns í heimsókn á Sólheima á ársgrundvelli og flestir eru þeir gestir menningarveislunnar.





Aðventudagar Sólheima

Aðventudagar Sólheima voru haldnir í sjöunda sinn. Aðventudagarnir hófust með opnun sýningar nemenda í 8. bekk í Kerhólsskóla á þeim verkefnum sem þau höfðu unnið hér að Sólheimum sem valgrein í skólanum. Í Sólheimakirkju var jólastund í kirkjuskólanum og tónleikar með Breiðfirðingakórnum Græna kannan var með jólamatseðill og tónleikadagskrá. Sólheimakórinn söng jólalög. Bogomil Font, Davíð Þór og Siggí okkar Gíslason skemmtu gestum og loks steig Valgeir Guðjónsson á stökk. Í Íþróttaleikhúsinu heillaði brúðumeistarinn, Bernd Ogrodnik, áhorfendur með sýningu um Gílitrutt. Jólasýning var opnuð í Ingustofu og í kertagerðinni fóru íbúar á námskeið í jólaskreytingum og konfektgerð. Jólamarkaður var haldinn eina helgi um miðjan desember í Kringlunni og gafst það vel.



Breiðfirðingakórinn



Árni og Guðrún í Samfélaginu í nærmynd



Gengið kringum jólatréð



Sýning nemenda í Kerhólsskóla



Davíð Þór, Bogomil og Siggí Gísla halda uppi fjörinu



Vinsæll jólasveinn





Atvinnumat á Sólheimum



Brekkukot - Nærandi

Eins og undanfarandi ár hefur Brekkukot séð um hádegismat fyrir heimilismenn og starfsfólk í matsal Vigdísarhúss. Einnig hefur Brekkukot sinnt ræstingarþjónustu í opinberum byggingum Sólheima.

Umfang framleiðslu í bakaríinu hefur aukist jafnt og þétt en þar eru bakaðar kökur, brauð og annað góðgæti fyrir Grænu Könnuna. Fyrir verslunina Völu og Reykjavíkurmarkað eru bökuð brauð, eplabökur, hjónabandsætur og smákökur o.fl. Seldar voru rúmlega 16 þúsund einingar úr bakaríinu á árinu. Á árinu lét Frosti Friðriksson af störfum sem bakari og er honum þakkað gott starf. Pamela Sousa tók við bakaríinu í júní.

Nærandi hefur séð um framleiðslu á krukkuvörum, salsasósu, chutney og gulrótarmarmelaði en stefnt er á að auka úrvalið enn frekar. Seldar voru rúmlega 3000 einingar af krukkuvöru á árinu. Sala á Reykjavíkurmarkaði hefur gengið ágætlega og er gert ráð fyrir stöðugum vexti í framleiðsluvörum úr bakaríinu og matvinnslunni. Samið hefur verið við Heilsu ehf. um dreifingu í verslanir. Við erum mjög stolt af okkar lífrænu vöru og vitum og finnum að neytendur taka okkar vörum vel og verða þær eftirsóttari, þegar fram í sækir.

Forstöðumaður Brekkukots er Sölvi B. Hilmarsson.



Vala, verslun og listhús

Á Sólheimum eru 5 sjálfstætt starfandi fyrirtæki með eigin fjárhag og forstöðumann. Þau eru Skógræktarstöðin Ölu, Garðyrkjustöðin Sunna, verslunin Vala, en hún rekur einnig listhúsið og kaffihúsið Grænu könnuna, Brekkukot sem framleiðir matvæli undir merkjum Næranda en þar er bakarí, matvinnsla, mótuneyti og ræstingarþjónusta fyrir Sólheima og Sesseljuhús umhverfissetur sem sér m.a. um rekstur á gistiheimili Sólheima. Félagsþjónusta Sólheima gerir árlega samning við hvert fyrirtæki um starfsþjálfun skjólstæðinga sinna. Forstöðumaður atvinnusviðs er Erlendur Pálsson.




Vala verslun - listhús og Græna Kannan

Rekstur verslunarinnar Völu er tvíþættur, annars vegar matvöruverslun og hins vegar listgallerí. Í listhúsið fara munir sem unnir eru á vinnustofum Sólheima og er fádæma eftirspurn eftir framleiðslu vinnustofanna og stoppa munirnir stutt við í hillum. En lögd er áhersla á að afurðir vinnustofa Sólheima sé vandaðir, einstakir og eigulegir munir sem skipta eigendur og komandi kynslóðir máli.

Matvöruverslunin er nýtt bæði af heimamönnum, gestum og nágrönnum Sólheima. Lögd er áhersla á að bjóða uppá úrval af lífrænum vörum ásamt daglegum nauðsynjavörum. Verslunin og listhúsið eru opin allt árið.

Annan hvern sunnudag hefur skapast hefð fyrir messukaffi í takt við messur í Sólheimakirkju. Lífræni dagurinn er orðinn fastur viðburður í samfélaginu á Sólheimum og alltaf á meðal þeirra viðburða sem standa hvað hæst á sumrin og er hann haldinn á torginu milli Völu og Grænu könnunnar. Þennan dag taka matreiðslumenn sig til og matreiða góða og holla rétti handa gestum. Reist eru sölutjöld með lífrænum afurðum frá Sólheimum og er öðrum framleiðendum líka boðið að kynna sínar vörur og þjónustu. Á adventunni er Vala með jólamarkað í Kringlunni sem hefur alltaf gengið ákaflega vel. Síðasta ár var fyrsta heila rekstrarárið eftir að rekstur kaffihússins og verslunarinnar Völu var sameinaður og með því skapaðist hagræði í daglegum rekstri og mannhaldi beggja eininganna. Græna kannan fékk andlitslyftingu á síðasta ári og tókst afar vel til. Aðsókn á kaffihúsið er stöðugt að aukast og þar er hægt að njóta lífsins með veitingar, kíkja í bók eða tímarit, vafra á netinu eða njóta sólarinnar í einstakri veðurblíðu sem gælir við Sólheima flesta daga sumarsins. Fjöldi gesta hélst svipaður og á milli ára en það hefur aukist að gestir séu að koma á virkum dögum, dvelji lengur og njóti alls sem Sólheimar hafa uppá að bjóða.

Forstöðumaður Völu og Grænu könnunnar er Ingibjörg Guðjónsdóttir



Garðyrkjustöðin Sunna

Sólheimar eru vagna lífrænnar ræktunar á Íslandi en Sesselja Sigmundsdóttir var merkur frumkvöðull á því sviði. Almenn talið að upphaf lífrænnar ræktunar, ekki aðeins á Íslandi, heldur á Norðurlöndunum hafi verið á Sólheimum. Sesselja var mikill náttúruunnandi og á var meðal þeirra fyrstu á Íslandi sem létu sig umhverfismál varða. Það er því löng og sterk hefð fyrir umhverfisvitund á Sólheimum.

Lífræn ræktun byggir á því að varðveita frjósemi jarðvegsins. Stunduð er skiptirækt til að viðhalda frjósemi jarðvegsins og minnka hættuna á sjúkdómum. Við lífræna ræktun er notaður húsdýraáburður, molta, fiskimjöl og þörungamjöl.

Framleiðsla Sunnu er lífrænt vottuð af vottunarstofunni Túni.

Sunna hefur alla tíð ræktað lífrænt vottað grænmeti. Afurðir Sunnu er seldar til mótuneytis Sólheima og í versluninni Völu á Sólheimum en einnig í verslunum Hagkaups á Reykjavíkursvæðinu og í verslunum Nettó. Útlitgallað grænmeti er nýtt til niðursuðu og þannig nýtist framleiðslan til fullnustu.

Helstu framleiðslutegundir eru: Tómatar, agúrkur og paprika.

Húsakostur og ræktunarsvæði:

Glergróðurhús og vinnuskáli 1271 m².

Plastgróðurhús 710 m².

Matjurtagarðar teljast vera um tveir hektarar.

Fyrirhugað er á árinu að hefja byggingu á nýju 1689 m² glergróðurhúsi sem er meira en tvöföldun á ræktunarsvæði undir gleri á Sólheimum enda hefur eftirspurn eftir lífrænu grænmeti margfaldast á Íslandi í síðustu árum.

Uppskeyra helstu framleiðsluvörur:

Tómatar	3600 kg.	Agúrkur	6500 kg.
Kirsuberjatómatar	3500 kg.	Paprika	2000 kg.
Kokteiltómatar	700 kg.		

Framleidd voru um 3000 búnt af grænkáli. Lögð var áhersla á að framleiða salatblöndu (tilbúna í skálina) og voru framleiddar um 2000 pakkningar og um 700 hefðbundin salathöfuð. Síðastliðið sumar var hafinn undirbúningur að byggingu nýs gróðurhúss. En jarðvegsvinna hófst í júní og sökkullinn var steypur seinni parts sumars. Áætlað er að gróðurhúsið sem er 1689 brúttó fermetrar verði tekið í notkun um mánaðamótin júlí/ágúst 2012.

Forstöðumaður Sunnu er Valdimar Ingi Guðmundsson, garðyrkjufraeðingur.



Skógræktarstöðin Ölur


Ölur er eina lífrænt vottaða garðyrkjustöðin á landinu. Kostirnir við lífræna ræktun eru ótvíræðir, plönturnar vaxa hægar og eru því sterkar með öflugt rótarkerfi og meiri mótstöðu gegn óværum þar sem náttúran er alfarið látin sjá um að verja og næra plönturnar. Áhersla á ræktun ávaxtrjáa og berjarunna hefur aukist verulega og var Ölur þátttakandi í tilraunaverkefni Garðyrkjufélags Íslands um ræktun ávaxtrjáa og fékk afhent 80 ávaxta- og berjatré sem verða gróðursett víðsvegar á Sólheimum. Sólheimar eru aðili að Bændaskógum í umsjón Suðurlandsskóga og hefur Ölur haft umsjón með ræktun, plöntun og umhirðu skógræktarsvæðisins. Plöntunin hófst 1991 og er ræktað á 199 hektara svæði í landi Sólheima. Ölur hefur framleitt trjáplöntur fyrir Skógræktarfélag Íslands, Bændaskóga og Suðurlandsskóga ásamt því að útvega sumarbústaðaeigendum plöntur og tré.

Á svæði skógræktarstöðvarinnar er trjásafn þar sem áhugasamir ræktendur geta gengið á milli fjölbreyttra trjátegunda og skoðað hvað hentar við eigin ræktun. Starfsmenn Ölurs eru við alla daga vikunnar á sumrin og geta ráðlagt ræktendum við kaup á trjám og plöntum.

Framleiðsla Ölurs 2011 var eftirfarandi:

Tré og runnar	5000 stk.
Alaskaösp	60.000 stk.
Ilmreynir	25.000 stk.
Ilmbjörk	5000 stk.
Sitkagreni	5000 stk.
Víðir	45.000 stk.
Sumarblóm	4000 stk.
Forræktað krydd	2000 stk.

Forstöðumaður Ölurs er Særún Stefánsdóttir, garðyrkjufraeðingur.





Vinnustofur

Þetta var mjög gott ár á vinnustofunum með mörgum skemmtilegum verkefnum. Á haustmánuðum var starfsfólk vinnustofanna upptekið við að undirbúa jólamarkað Sólheima ásamt því að undirbúa Jólásýningu Sólheima í Ingustofu. Jólásýningin var vel heppnuð og var mjög jólalegt inni í sýningar-salnum í Ingustofu. Jólamarkaðurinn í Kringlunni gekk ákaflega vel og viðskiptavinirnir voru mjög ánægðir með þær vörur sem voru á boðstólum.

Vefstofa

Á vefstofunni er markvisst unnið að því að nýta þá listrænu hæfileika sem búa í starfsmönnum hennar. Þroskuð er hæfni starfsmanna til að færa teikningar sínar í fleiri form og er stefnt að sífellt sjálfstæðari vinnubrögðum. Á samsýningu vinnustofa Sólheima „Þjóðsögur og ævintýri“ gerðu starfsmenn vefstofu ýmis útsaumsverk af álfum og tröllum og sömdu sumir sögur við sínar myndir. Fyrir jólásýningu vinnustofanna voru gerðar útsaumsmyndir af englum og jólásveinum. Mikið er ofið og þrjónað á vefstofunni líkt og fyrri ár og runnu út margar mottur, dúkar og ýmiskonar þrjónavörur.

Verkstjóri vefstofunnar er Karen Ósk Sigurðardóttir, myndlistarkona.

Leirgerð

Leirgerðin tók þátt í samsýningunni List án landamæra í Ráðhúsi Reykjavíkur í apríl.

Þar sýndi Edda Guðmundsdóttir fjögur verk.

Í samsýningu vinnustofanna sem bar yfirskriftina „Þjóðsögur og ævintýri“ tók leirgerðin fyrir þjóðsöguna „Kýrnar á þrettándanótt“. Mikil fjölbreytni einkenndi þær ellefu „talandi“ kýr sem gerðar voru og vöktu mikla eftirtekt.

Á kaffihúsinu Grænu könnunni má sjá vask sem var gerður í leirgerðinni og prýddur dýramyndum teiknuðum af Einari Baldurssyni. Mikið af fallegum stytum og alls kyns listaverkum voru sköpuð á árinu og er afar mikil eftirspurn eftir verkum úr leirgerðinni. Verkin eru seld í versluninni Völu.

Verkstjóri leirgerðarinnar er Ingibjörg Karlsdóttir, leirlistarkona.

Kertagerð

Í kertagerðinni eru búin til handunnin kerti úr hreinu bývaxi og parafíni til nota innandyrá. Einnig eru búnar til ýmsar stærðir og gerðir af útikertum úr endurunnu vaxi af kertaafgöngum sem gefið er til kertagerðarinnar. Framleiðsla kertagerðarinnar er mjög fjölbreytt og listræn, þar með taldir skúlptúrar og aðventukransar úr hænsna- og músaneti sem dýft er í kertavax. Nefna má einnig ljóshlífar fyrir teljós sem gerðar eru úr vaxbornum myndum og servíettum. Í tilefni af 80 ára afmæli Sólheimaleikhússins 2011, var haldin myndasýning í Íþróttaleikhúsinu þar sem allar ljósmyndir á sýningunni voru vaxbornar og settar í þar til gerða upplýsta mynda-standa eða hafðar sem lampaskermar. Námskeið í kerta- og aðventukransagerð eru orðin fastur liður á haustmánuðum og voru fimm slík námskeið haldin haustið 2011, auk námskeiða í jólaskreytingum og konfektgerð.


Verkstjóri kertagerðar er Erla Thomsen, leikskólakennari og kertagerðarkona.

Trésmiðja

Helstu verkefni og megin þemu vetrarins og vorsins voru dýr og hús og voru skapaðir margir fallegir munir sem sóma sér vel á hjá nýjum eigendum. Fyrsta verkefni ársins var þátttaka í List án landamæra og voru þrjú fuglar eftir Eyþór Jóhannsson framlag smíðastofunnar og vöktu þeir verðskuldaða athygli. Rétt eins og á öðrum vinnustofum undirbjó trésmiðjan líka verkefni fyrir sumarsýningu Sólheima, en þema sýningarinnar var íslenskar þjóðsögur. Ágúst Þór Guðnason smíðaði tvö tröll og Hanný María Haraldsdóttir gerði tvö hoppandi tröll. Guðrún Lára Aradóttir gerði tröllabruður og hafmey og Guðlaug E. Jónatansdóttir skar út tröll. Edda Guðmundsdóttir gerði álfabruðu.

Í september hélt trésmiðjan hönnunarsamkeppni fyrir alla íbúa Sólheima. Við fengum 12 tillögur og valið var erfitt. Fyrstu verðlaun hlaut Leifur Þór Ragnarsson en hann gerði fallegt litskrúdugt leikfang, Kristján Ellert Arason lenti í öðru sæti og María K. Jacobsen og Valgeir Backman lentu í þriðja sæti. Verðlaunin voru afhent með viðhöfn í Grænu könnunni og þetta var mjög skemmtilegur dagur. Í upphafi árs gerðum við breytingar á smíðastofunni. Við settum vinnuborðið í miðjuna á vinnustofunni sem varð til þess að fólk vann meira saman, talaði meira saman og var ánægðara. Í haust fékk trésmiðjan nýja slípivél og ryksugu sem gerir starfið mun auðveldara og þægilegra.

Verkstjóri trésmiðju er Christelle Bimier, trélistarkona.



Listasmiðja

Mikil vinna fór í að undirbúa samsýningu vinnustofa Sólheima „Þjóðsögur og ævintýri“. Fólst undirbúningur og hugmyndavinna í því að lesa þjóðsögur og finna myndefni við hæfi hvers og eins til útfærslu á átta stórum málverkum og tveimur útsaumsverkum. Lovísa Jolanta tók þátt í samsýningu á vegum List á landamæra í apríl og sýndi þar útsaumsverk. Mikið af verkum fór í sölu í listhús Völu og má nefna málverk í ýmsum stærðum og gerðum. Fjölbreyttir ullarþæfir munir voru unnir t.d. hálsfestar, eyrnalokkar, hárskraut, brjóstnælur, inniskór, buddur, húfur, pokar á vegg og jólaepli. Pappaskálar og póstkort voru alltaf í vinnslu meðfram öðrum verkefnum.

Verkstjóri listasmiðju er Ólafur Már Guðmundsson, myndlistarmaður.



Kristján Ellert og hönnunarkeppni smiðastofu

Jurtastofa

Mikið starf hefur verið unnið á jurtastofunni við þróun á snyrtivörum og á næsta ári fara í sölu fjórar mismunandi tegundir af handsápu, baðsólt, dagkrem, smyrsl, sjampó, hárnæring, nud-dolíur o.fl. Um mitt ár 2011 fékk jurtastofan vottun fyrir lífræna framleiðslu og verða allar vörur sem framleiddar verða í jurtastofunni með slíka vottun. Jurtirnar sem notaðar eru í vörurnar eru annaðhvort handtíndar í landi Sólheima eða ræktaðar í garðyrkjustöðvum Sólheima.

Á árinu var markaðssettur lífrænt vottaður varasalvi sem fór í dreifingu hjá Olís og Heilsu ehf. og voru viðtökurnar afar góðar. Gerður var samningur við Heilsu ehf. um dreifingu á öllum vörum jurtastofu og sér fyrirtækið um að koma vörunum í helstu matvöruverslanir, heilsubúðir og apótek.

Á árinu hætti Vigdís Garðarsdóttir sem verkstjóri jurtastofu og tók Paulo Bessa við hennar starfi á vormánuðum 2011.



Einar



Unnið af kappi



Vefarar við sköpun



Sesseljuhús umhverfissetur



Árleg fræðslufundaröð um umhverfismál var haldin í Sesseljuhúsi í allt sumar í tengslum við Menningarveislu Sólheima. Fræðslufundaröðin er að vinna sér sess í dagskrá menningarveislunnar og var í ár mikil aukning gesta í ár. Flestir mættu á námskeið í umhverfis- og náttúru ljósmyndun sem Pétur Thomsen, ljósmyndari, kenndi, en hátt í 70 manns mættu á námskeiðið.

Sem fyrr voru opnaðar sýningar í Sesseljuhúsi í tilefni Menningarveislu Sólheima.

Í ár voru sýningar Sjálfbærar byggingar og Sjálfbær ferðamennska, sem var unnin í samstarfi við deild ferðamálafræði í Háskóla Íslands, opnaðar. Svokallað skógarherbergi var sett upp í Sesseljuhúsi en útbúinn var „skógur“ úr rusli í tengslum við umhverfis daga Sólheima og í tilefni af því að árið 2011 var tileinkað skógum hjá Sameinuðu þjóðunum.

Háskólanám um sjálfbærni og samfélag fór fram í Sesseljuhúsi fimm ára árið í röð og komu tveir háskólahópar á Sólheima og dvöldu í 1-3 mánuði. Námið er samstarfsverkefni Sesseljuhúss og bandarísku menntasamtakanna CELL.

Nemendur 8. bekkjar Kerhólsskóla sóttu námskeiðið Sólheimar – Sjálfbærni og samfélag á vor- og haustönn og var námskeiðið í umsjá Sesseljuhúss. Samstarf Sesseljuhúss og Kerhólsskóla hefur nú staðið í fimm ár og ávallt gengið mjög vel. Á næsta ári mun Grunnskóli Bláskógabyggðar bæstast í hópinn og stunda samskonar nám við húsið.

Sesseljuhús sér um mál starfsnema og sjálfbóðaliða á staðnum. Í ár voru Sólheimar viðurkenndir sem móttöku- og sendisamtök fyrir sjálfbóðaliða hjá Evrópu unga fólksins. Marsmánuður var tileinkaður umhverfinu en þá var haldinn s.k. umhverfismars með fjölda námskeiða um sjálfbærni og umhverfismál fyrir íbúa Sólheima.

Viðburðirnir voru vel sóttir af íbúum og var almenn ánægja með framtakið.

Aukning var á heimsóknnum skólahópa og annarra hópa á árinu. Íslenskir og erlendir skólahópar á öllum skólastigum, bæði minni og stærri heimsóttu Sólheima.

Einnig kom fjöldi fólks frá fyrirtækjum, stofnunum og samtökum innanlands sem utan.

Í húsinu var jafnframt fjöldi annarra uppákoma s.s. kvöldvörk Bergmáls, Líknar- og vínafélags; jóga- og hugleiðslunámskeið; Waldorfráðstefna auk annarra ráðstefna, námskeiða og funda.

Auk þessa hafa fjölmörg önnur verkefni verið í gangi á árinu. Meðal annars má nefna eflingu menntunar í húsinu; að auka hlut rannsókna í húsinu og á Sólheimum; að auka sjálfbærni gistiheimilisins; að stuðla að bættri umhverfisvitund íbúa á Sólheimum og auka hlut sjálfbærni í byggðinni allri.

Sesseljuhús fékk á árinu tvo styrki til uppbyggingar sjálfbóðaliðastarfs á Sólheimum frá Evrópu unga fólksins. Einnig styrkti Grímsnes og Grafningshreppur uppbyggingu háskólanámsins í Sesseljuhúsi. Sesseljuhús var tilnefnt til Menntaverðlauna Suðurlands ásamt þremur öðrum menntastofnunum.

Bakjarlar Sesseljuhús árið 2011 voru Umhverfissráðuneytið og Landsvirkjun.



Landsvirkjun UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ



Sýningarhús um sjálfbærar byggingar og fræðslusetur um umhverfismál Sesseljuhús umhverfissetur er fræðslusetur um umhverfismál og sýningarhús um sjálfbærar byggingar. Þar fer fram alhliða fræðsla um sjálfbærni og umhverfismál fyrir nemendur á grunn- og háskólastigi auk málþinga, funda og námskeiða hvers konar.



Bogna, Nils og Aisté



Pétur Thomsen flytur fyrirlestur um ljósmyndun

Starfsnema og sjálfbóðaliðar

Starfsnám og sjálfbóðaliðastarf í hraðri uppbyggingu en í ár voru Sólheimar viðurkenndir sem móttöku- og sendisamtök fyrir sjálfbóðaliða hjá Evrópu unga fólksins og hlutu þeir styrk frá samtökunum til frekari uppbyggingar starfsins. Starfsnemarnir og sjálfbóðaliðarnir koma viðsvegar að úr heiminum og dvelja hér í 3 – 12 mánuði við leik og störf.

Þeir taka að sér fjölbreytt og krefjandi verkefni á hinum ýmsu vinnustöðum Sólheima. Þeir taka jafnframt virkan þátt í samfélaginu á Sólheimum og uppbyggingu staðarins. Auk vinnunnar fá þeir þriggja tíma íslenskukennslu í hverri viku og halda kynningar á menningu sinni fyrir íbúa Sólheima.

Gistiheimili Sólheima

Gistiheimili Sólheima var vel nýtt á árinu og gisti fjöldi hópa og einstaklinga á staðnum, innlendir sem erlendir. Hóparnir eru af ýmsum stærðum og gerðum, má þar nefna skólahópa, jóga hópa, kóra, fyrirtæki og félagasamtök svo fátt eitt sé nefnt. Þeir duglegir að nýta sér aðra aðstöðu á staðnum, s.s. Sesseljuhús, en þar er afbragðs ráðstefnu- og fundaaðstaða. Áfram var haldið með endurbætur á gistiheimilinu á árinu og mun sú vinna halda áfram. Jafnframt er unnið að Svansvottun fyrir gistiheimilið og verður tekið tillit til þess við frekari endurbætur á húsunum.

Gistiheimili Sólheima er í tveimur húsum, Brekkukoti og Veghúsi sem taka allt að 37 manns í gistingu. Aðstaðan er öll hin besta og hentug fyrir hópa en í báðum húsunum eru stór eldhús til að annast matseld, en einnig má kaupa veitingar á staðnum.



Sólheimakirkja



Heimreiðin



Fedginin Edda og Björgvin

Árið 2011 var mikið framkvæmdaár við Sólheimakirkju.

Ráðist var í endurnýjun á torfhleðslunni við kirkjuna, en gamla hleðslan hafði hrunið að hluta til svo ekki var annað fært en að endurnýja alla hleðsluna umhverfis kirkjuna. Einnig voru settir upp torfveggir sinn hvoru megin við heimreiðina að kirkjunni og settir upp hliðstólpar úr trjádrumbum. Gefur þetta heimreiðinni mikinn svip. Útbúin voru bílastæði og lögð er áhersla á að sem flestir gangi að kirkju. Svipmiklir lágir ljósastaurar voru einnig settir frá hliði að kirkju, alls tólf talsins, auk þess þrettánda sem er andspænis þeim í hliðinu. Var haft orð á því að þar með væru komnir postularnir tólf sem lýstu upp heimreiðina og ímynd Jesú sem lýsti þeim öllum.

Kirkjugarður við Sólheimakirkju hefur verið á deiliskipulagi síða árið 2001. Eftir að öll leyfi fengust með fulltingi og umsókn sóknarnefndar Mosfellssóknar, var hafist handa við gerð garðsins. Framkvæmdir við garðinn, kostnaður við gerð hans, svo og öll dagleg umsjón og umhirða er í höndum Sólheima. Gert er ráð fyrir reitum fyrir duftker og grafarstæðum fyrir kistur.

Með þessum framkvæmdum er langþráðum áfanga náð. Í bígerð er að helluleggja heimreiðina og leggja í hana hitalögn eins og er í stéttinni næst kirkjunni.

Sólheimakirkju barst merkileg gjöf við Allra heilagra messu þann 6. nóvember s.l. Mæðginin Björgvin Magnússon og Edda Björgvinsdóttir færðu Sólheimakirkju að gjöf afrit af Guðbrandsbiblíu í vönduðu leðurbandi. Er það okkur mikill heiður að fá slíka Biblíu í kirkjuna og kunnum við þeim okkar bestu þakkir fyrir þær blessunaróskir og hlýhug sem fylgdi gjöfinni.

Starfsemin í kirkjunni er með svipuðum hætti og undanfarin ár þannig að guðsþjónustur eru að jafnaði aðra hvora helgi allt árið auk stórhátíða. Kirkjuskóli Mosfellsprestakalls er haldinn í kirkjunni í samstarfi við sóknarprest. Á kirkjudeginum sem haldinn var hátíðlegur sunnudaginn 3. júlí, að viðstöddu fjölmenni, prédikaði Guðmundur Bjarnason fyrrverandi ráðherra og fulltrúi í stjórn Sólheima.

Athafnir voru 40 talsins í kirkjunni, þar með taldar guðsþjónustur, helgistundir, kirkjuskólinn og ein skírn.

Þátttakendur í þeim voru 1935 eða 48 að meðaltali. til altaris gengu 263.

Auk þess voru tónleikar í kirkjunni alla laugardaga menningarveislunnar sem 1327 manns sóttu, tónleikar ýmissa kóra sem heimsóttu staðinn ig nemendatónleikar tónlistarnemenda Sólheima. Þess utan kemur margt fólk í kirkjuna sem sækir Sólheima heim. Má því áætla að rúmlega tíu þúsund manns komi í Sólheimakirkju á ári hverju.

Aðventuhátíð

Árleg aðventuhátíð Sólheima var haldin að venju fyrsta sunnudag í aðventu. Er þetta í sjötta sinn sem hátíðin er haldin í Sólheimakirkju. Áður hefur hún verið haldin í húsnæði sem nefnt var „Gamla sviðið“ og í Íþróttaleikhúsinu.

Aðventuhátíðin, eða Adventugarðurinn eins og hún er nefnd er sérstök að ýmsu leiti og mjög hátíðleg, en hún hefur verið haldin hér í tæp 80 ár. Sækja hana íbúar Sólheima, auk þess nánir ættingjar og vinir sem margir hafa starfað á Sólheimum á árum áður. Sterk bönd tengja marga við Sólheima og Adventugarðinn. Var kirkjan þétt setin og loguðu á annað hundrað kerti í Adventugarðinum við lok athafnar. Vert er að geta þess að Porvaldur Kjartansson, slökkviliðsstjóri Sólheima stóð vaktina með tiltækan búnað ef á þyrfti að halda, en allt gekk vel.



Ikhaya Loxolo Heimili friðarins, Suður Afríku

Íbúar Sólheima og Styrktarsjóður Sólheima styðja litla byggð í Suður-Afríku sem þjónar einstaklingum með sérþarfir. Ikhaya Loxolo, eða Heimili friðarins, er fyrsta heimilið fyrir einstaklinga með þroskahömlun í Elliotdale. Þýsk hjón, Alexandra og Michael Guenther, sem áður störfuðu við Camphill samfélag í Suður-Afríku, stofnuðu Heimili friðarins til að koma til hjálpar á þessu svæði, þar sem mikil fátækt er og lítið um önnur úrræði.

Íbúar Sólheima hófu samstarf við þetta samfélag þegar fyrstu fimm íbúarnir fluttu til Heimili friðarins í janúar 2008 og styðja þeir ásamt Styrktarsjóði Sólheima árlega upphald þeirra. Á árinu var nýtt hús, Sólheimahús, tekið í notkun og en Styrktarsjóður Sólheima hefur styrkt byggingu þess, að auki tóku nokkrir starfsmenn sig til snemma á árinu og héldu veglega fjáröflun fyrir Ikhaya Loxolo.





Tölulegar upplýsingar

Tölulegar upplýsingar, miðað við desemberlok 2011

	ár	fjöldi
Meðalaldur starfsmanna	53,4	83
Meðalaldur heimilisfólks	49,5	43
Á launaskrá í desember		83
Meðalaldur íbúa byggðahverfisins í heild	40	
Fjöldi íbúa með lögheimili á Sólheimum		83
Fjöldi íbúa með lögheimili í Grímsnes-og Grafningshreppi		400
Fjöldi íbúa með búsetu á Sólheimum		105
Fjöldi barna 0 til 5 ára og meðalaldur þeirra	2,7	3
Fjöldi barna 6 til 16 ára og meðalaldur þeirra	2,7	7
Meðalaldur barna	8	5
Fjöldi heimila að Sólheimum		51
Fjöldi erlendra sjálfboðaliða sem dveljast í 6 til 12 mánuði		3
Fjöldi erlendra sjálfboðaliða sem dvelja skemur en 6 mánuði		32

Í töflunni er stuðst við upplýsingar frá Hagstofu Íslands.

Fjárveiting Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga árið 2011 var kr. 285,400,000.

Viðhaldsdeildin á fullri ferð



Yfirlit fasteigna

Íbúðarhúsnæði Sambýli, sérbýli auk íbúða starfsmanna sem byggð hafa verið á tímabilinu 1932 til ársins 2007	samtals	4.504 m ²
Þjónustuhúsnæði Sólheimahús, Vigdísarhús, sundlaug, íþróttaleikhús, Græna kannan, Sólheimakirkja og Tómasarsmiðja	samtals	3.752 m ²
Atvinnuhúsnæði Gistiheimilið Brekkukot, Ólasmiðja, Ingustofa, Sesseljuhús, Garðyrkjustöðin Sunna, Skógræktarstöðin Ölur og Verslunin Vala	samtals	5.994. m ²
Annað húsnæði Skakkiskóli, Safnhaugahús, Hitaveituhús, Upphæðir 3, Upphæðir 15 og Bergmálshúsið	samtals	938 m ²
Húsnæði á Sólheimum alls		15.188m²



Styrktarsjóður Sólheima

Styrktarsjóður Sólheima var stofnaður árið 1986 og starfar samkvæmt skipulagsskrá

Hlutverk sjóðsins er

Að veita styrki eða lán til verklegra framkvæmda að Sólheimum.
Að veita styrki eða lán til að kaupa á áhöldum og verkfærum.
Að veita styrki eða lán til námsdvala á sviði er tengist starfi Sólheima.
Að styrkja ferðalög, sumardvalir og annað frístundstarf íbúa Sólheima.

Sjóðnum er heimilt að kaupa eða byggja og reka félagslegar íbúðir, orlofsíbúðir eða annars konar húsnæði. Sjóðnum er heimilt að eiga aðild að atvinnurekstri.
Sjóðurinn annast útleigu og rekstur íbúðar- og atvinnuhúsnæðis að Sólheimum.

Íbúðarhúsnæði í útleigu

30 íbúðir
2 sambýli
1 þjálfunar- og þjónustuíbúð
9 íbúðaeiningar fyrir heldriborgara
4 íbúðir í tveimur raðhúsum
12 einbýlishús



Atvinnuhúsnæði í útleigu

Veghús, gistihús
Ólasmíðja, verkstæði og vinnustofur
Ingustofa, verkstæði og vinnustofur
Sesseljúhús, umhverfismíðstöð.
Tómasarsmíðja, trésmíðaverkstæði,
slökkvistöð og áhaldahús.

Höfuðviðfangsefni sjóðsins á árinu var uppbygging nýs gróðurhúss að Sólheimum. Húsið verður 1689 m² að stærð, en lokið var við að steypa sökkla. Áformað er að ljúka framkvæmdum á næsta ári. Verulegt átak var gert í viðhaldi húsnæðis sem og fegrin og snyrtingu utandyra.

Á árinu var gerður samningur við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Samkvæmt samningnum endurgreiddir styrktarsjóðurinn framlög sem Sólheimar hafa fengið frá árinu 1959 og á móti afléttir jöfnunarsjóðurinn kvöðum á húsnæði sem hann hefur lagt fram fé til. Þá greiddir jöfnunarsjóðurinn framlag til Sólheima og styrktarsjóðsins fyrir það húsnæði sem lagt er til vegna þjónustu við fatlað fólk að Sólheimum. Samningurinn gildir til 25 ára.

Veitir voru styrkir til hljóðfærakaupa vegna tónlistarkennslu og vegna viðhaldsframkvæmda í Brekkukoti. Þá voru einnig veittir nokkrir smærri styrkir vegna ferða- og endurmenntunar og starfsmannafélags Sólheima.

Í samræmi við hlutverk og tilgang sjóðsins eru í umsjón hans fjórir sjóðir:

Orlofs- og starfsmenntasjóður

Orlofsjóður var stofnaður á 60 ára afmæli Sólheima árið 1990. Sjóðurinn hefur úthlutað styrkjum til orlofsdvalar fyrir yfir 4 millj. kr. Framlög hafa komið með gjafafé, auk fjárveitinga úr styrktarsjóði. Starfsmenntasjóður var stofnaður árið 2002 er 100 ár voru liðin frá fæðingu Sesselju Hreindísar og hefur úthlutað styrkjum til endurmenntunar. Framlög í sjóðinn hafa komið frá styrktarsjóði og Sólheimum. Þessir sjóðir hafa nú verið sameinaðir í einn sjóð

Menningasjóður

Í menningarsjóð er lagt árlegt framlag fyrirtækja Sólheima, Sólheima ses og styrktarsjóðsins. Sjóðurinn hefur fyrst og fremst annast kaup á listaverkum og styrkt menningaviðburði. Á árinu fóru fram viðræður við erfingja Ragnars Kjartanssonar myndhöggvara um uppsetningu á listaverki eftir Ragnar í höggmyndagarði Sólheima. Ráðgert er að verkið verði afhjúpað á Menningarveislu Sólheima árið 2012. Aðalviðfangsefni sjóðsins er kostun listaverksins „Sólgátt“ eftir Rúrí. Verkfræðistofan Verkis vinnur að útfærslu listaverksins.

Atvinnuþróunarsjóður

Sjóðurinn var stofnaður árið 2004. Í sjóðinn rennur 1/3 hluti sölutekna af vörum verkstæða Sólheima og hluti hagnaðar af rekstri fyrirtækja Sólheima. Verkefni sjóðsins er að leggja fram fé vegna vöruþróunar og tækjakaupa.

Péturssjóður

Sjóðurinn var stofnaður með gjafafé 23. ágúst árið 2005. Á því ári stóð sjóðurinn fyrir kaupum á kirkjuklukkum fyrir Sólheimakirkju. Næsta verkefni sjóðsins var að leggja fram fjármuni vegna gerðar altaristöflu í Sólheimakirkju. Sjóðnum er einkum ætlað að kosta viðhald og búnað fyrir Sólheimakirkju.

Styrktarsjóður Sólheima stóð fyrir tveimur fjársöfnunum á árinu. Safnað var vegna byggingar nýs gróðurhúss. Gert er ráð fyrir að fjármögnun gróðurhússins verði aðalviðfangsefni styrktarsjóðsins næstu tvö árin, auk þess sem ráðgerð er endurgerð íbúðar í Selhamri og breyting á sambýli í tvær íbúðir.

Unnur Rán Halldórsdóttir, Bókhaldstofunni Stemmu, annast bókhald og innheimtu fyrir sjóðinn. Pétur Sveinbjarnarson, stjórnarformaður sjóðsins, hefur umsjón með daglegum rekstri.



Nýja gróðurhúsið í byggingu

Samstarfsaðilar Sólheima eru

Velferðarráðuneytið

Árborg

Bergmál
líknar- og vinafélag

AUS - Alþjóðleg
ungmennaskipti

SEEDS
sjálfbæðaliðasamtökin

CELL - Center for
Ecological Living and
Learning

Umhverfissráðuneytið

Fjölmennt

Vinnumálastofnun

Camphill hreyfingin

GEN - alþjóðasamtök
sjálfbærra byggðarhverfa

Landsvirkjun

Orkuveita Reykjavíkur

Marli í Lübeck í Þýskalandi

Hitaveita Suðurnesja

Fangelsismálastofnun

Veraldarvinir

Solákra í Järna í Svíþjóð

EVS – Evrópa unga fólksins

Landsbankinn

Grímsnes- og
Grafningshreppur

